

Samþykkt stefna Sambands ungra sjálfstæðismanna frá 48. sambandsþingi Sambands ungra sjálfstæðismanna.

Allsherjar- og menntamál

Menntamál

Leita þarf lausna við þeim vanda sem nú stafar í leikskólamálum víðs vegar á landinu. Koma þarf til móts við foreldra eftir að fæðingarorlofi lýkur og stytta biðtímann milli orlofs og inngöngu á leikskóla. Ráðast þarf í endurskoðun á tilgangi og starfi menntasjóðs námsmanna. Afnema ætti frítekjumark menntasjóðs námsmanna á námslán.

Kennaranám er of langt og hefur aðsókn því hriðfallið. Stytta ætti námið í þrjú ár líkt og það var áður. Endurskoða þarf kennsluskrá HÍ til að tryggja hagnýtt og faglegt nám og meta hvort „launað námsár“ skili betri árangri en núverandi skipulag.

Móttökudeildir og tungumálanám:

Setja skal upp móttökudeildir í bæjarhverfum í stað móttökuskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna til að forðast aðskilnað og tryggja betri aðlögun. Tryggja þarf að börn í móttökudeildum fái einnig tíma með bekknum sínum til félagslegrar aðlögunar, skapa þarf hvata til tungumálanáms foreldra og hvetja til þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi til að bæta þekkingu innflytjenda á íslensku og styðja við aðlögun að samfélaginu.

Skóli þarfnast aðgreiningar:

Leggja skal áherslu á að nemendur geti stundað nám við hæfi í hópi nemenda með áþekk markmið og af áþekkri getu í stað þess að nemendum af mjög ólíkri getu og áhuga sé blandað saman í bekki og námskeið. Aðeins þannig fá hæfileikar hvers og eins að blómstra.

Símabann í skólum

Taka skal upp símabann í grunnskólum til að efla einbeitingu, aga og styðja við félagslegan þroska barna.

Stöðu- og framvindupróf:

SUS hvetur sveitarfélög til að ganga lengra en núverandi lög gera ráð fyrir í innleiðingu stöðu- og framvinduprófa, líkt og Kópavogur og Garðabær hafa þegar gert, til að fylgjast markvisst með námsárangri og framvindu nemenda. Slík próf geta verið mikilvægt verkfæri til að greina veikleika og styðja við skóla og nemendur. Núverandi próf eru alltaf þau sömu og óbreytt milli ára, sem skapar hættu á freistnivanda. Þar sem kennarar ákveða sjálfir hvenær prófin eru lögð fyrir skapast einnig ójafnræði og hætt við að einkunnir hækki óhóflega. Að auki ná prófin ekki yfir öll hæfniviðmið námskrárinnar og gefa því ekki heildstæða mynd af stöðu nemenda. Af þeim sökum eru stöðu- og framvindupróf alls ekki

fullkomin og taka þarf upp samræmd próf á nýjan leik til að auka gagnsæi, jafnræði og markvissa eftirfylgni í skólastarfi.

Samræmd próf og stöðumat:

Endurvekja skal samræmd próf, sérstaklega í 10. bekk, og tryggja að að lágmarki þrjú stöðupróf séu lögbundin yfir skólagönguna. Þannig sé hægt að fylgjast með námsárangri, tryggja jafnræði nemenda við inntöku í framhaldsskóla og koma í veg fyrir að skólar sleppi að ráða kennara í mikilvæg fög. Að sama skapi væri brýnt að taka upp samræmd áfangapróf í einstaka fögum í framhaldsskólum og kanna möguleika á samræmdum stúdentsprófum.

Einfalda þarf stofnun og rekstur sjálfstætt rekinna menntastofnana í skólakerfinu. Taka skal upp ávísanakerfi, þar sem skattfé fylgir hverjum nemanda, til að bæta menntun barna og auka valfrelsi foreldra.

Útlendingamál

Núverandi staða í útlendingamálum er óboðleg og felur í sér sívaxandi kostnað og núning í samfélaginu. Ísland hefur í sumum tilfellum verið kynnt sem „auðvelt land“, og hafa einstaklingar sem ekki eiga erindi hingað sumir hverjir hagnast á skrifræði og góðvild Íslendinga. Fólksfjölgun á Íslandi hefur verið gríðarleg frá árinu 2017 - íbúum landsins hefur fjölgað fimmtánfalt hraðar en að meðaltali í Evrópu á sama tíma.

SUS fagnar þeim einstaklingum sem hingað koma til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu, tileinka sér tungumálið og vinna hörðum höndum.

Samband ungra sjálfstæðismanna telur að Ísland eigi að líta til nágrannaþjóða og læra af þeirra mistökum áður en það verður of seint. Því telur SUS að afgreiðslu nýrra umsókna um alþjóðlega vernd eigi að setja í tímabundna bið á meðan farið er yfir forsendur og framkvæmd kerfisins.

Innviðir landsins eru komnir að þolmörkum vegna stefnuleysis í málaflokknum og ljóst er að velferðarkerfið verður ósjálfbært ef fram heldur sem horfir.

SUS telur að fyrirkomulag fjölskyldusameininga þarfnist endurskoðunar. Best væri ef réttur til fjölskyldusameiningar næði aðeins til barna og maka umsækjanda. Í núverandi lagaumhverfi nær rétturinn einnig til foreldra umsækjanda sem eru yfir 67 ára aldri, það skýtur skökku við enda er mikill skortur á rýmum á hjúkrunarheimilum landsins og álagið á heilbrigðiskerfið mikið. Þá þarf að tryggja að fólk sem hér hlýtur dvalarleyfi á vinnu sér réttindi til heilbrigðisþjónustu á lengri tíma en nú er og má í því sambandi líta til hinna Norðurlandanna.

SUS telur að endurskoða þurfi örorku- og lífeyrisréttindi hælisleitenda í samræmi við önnur Norðurlönd.

SUS telur að fylgja þurfi fordæmi Dana þannig að afturkalla ætti alþjóðlega vernd þeirra sem heimsækja landið sem þeir eru að flýja.

SUS leggur áherslu á að bæta þurfi aðlögun þeirra sem þegar hafa fengið vernd. Sú aðlögun hefur hingað til verið ófullnægjandi og þar þarf að ráðast í verulegar úrbætur. Íslendingar ættu að taka upp samfélagsfræðipróf fyrir þá sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt eins og gert er í Þýskalandi.

SUS telur að ráðast þurfi í heildstætt mat á áhrifum alþjóðasáttmála, sem Ísland er aðili að, á málefni hælisleitenda. Ef alþjóðasáttmálar vinna gegn hagsmunum Íslands skal Ísland draga aðild sína að þeim til baka.

Að lokum ítrekar SUS að þeir einstaklingar sem hingað koma undir verndarvæng íslensks samfélags en brjóta af sér eigi að svipta vernd sinni eða dvalarleyfi tafarlaust og vera vísað úr landi.

Landamæri

SUS telur að efla þurfi landamæraeftirlit Íslands og hafa betri yfirsýn yfir þá sem koma til landsins. SUS telur að skoða ætti möguleika þess að taka upp vegabréfaeftirlit.

Mannréttindi

Tjáningarfrelsi á víða undir högg að sækja. Þróun erlendis vekur ugg og minnir á að málfrelsi er ekki sjálfsagður réttur. SUS telur því mikilvægt að íslensk stjórnvöld standi fast vörð um tjáningarfrelsi og verndi þessa mikilvægu grunnstoð lýðræðisins. Endurbæta þarf hatursorðræðulöggjöfina. SUS vill ítreka að hvatning til ofbeldis eigi að vera bönnuð, en að lýsa yfir ákveðnum skoðunum sem fara gegn stjórnvöldum hvers tíma mega aldrei vera refsiverð. Bretland og Þýskaland eru dæmi um lönd sem hafa gengið hættulega langt hvað varðar hatursorðræðulöggjöf sem bitnar á málfrelsi fólks. Í þessum löndum hafa einstaklingar sætt fangelsisrefsingu fyrir að lýsa yfir áhyggjum af ýmsum málaflokkum.

Ungir sjálfstæðismenn leggja áherslu á að mannréttindi séu reist á virðingu fyrir einstaklingnum og frelsi hans undan afskiptum ríkisvalds. Við teljum að tjáningarfrelsi, trúfrelsi, eignarréttur og samningsfrelsi séu ófrávikjanlegar stoðir fjáls samfélags. Jafnframt á hver einstaklingur rétt á að ráða eigin lífi, óháð uppruna, trúarbrögðum eða kynhneigð, svo fremi sem það skerðir ekki frelsi annarra, og njóta verndar gegn óréttlátum afskiptum ríkisins, þar á meðal verður að tryggja friðhelgi einkalífs, heimilis og persónu.

SUS ítrekar að aldrei megi sofna á verðinum hvað varðar réttindi hinsegin fólks. Framtíðarsýn SUS er að Ísland sé, og verði ávallt, í fararbroddi þegar kemur að réttindum hinsegin fólks.

Menningarmál

Íslensk tunga er grunnstoð íslenskrar menningar en hún hefur varðveist að mestu óbreytt frá því á miðöldum. Hún er helsta sameiningarafl landsmanna og bindur okkur við rætur okkar í þessu landi. Því telur SUS mikilvægt að standa vörð um móðurmálið.

SUS ítrekar að mikilvægt er að það mál sem birtist í blöðum, netsíðum og öðru tengdu efni á vegum flokksins skuli vera á hefðbundnu máli en ekki „kynhlutlausu”.

SUS telur að núverandi fyrirkomulag listamannalauna sé úrelt og leggja ætti það kerfi niður.

Fíkniefnamál

SUS telur að viðurlög við fíkniefnaneyslu skuli ekki vera fangelsisvist. SUS telur að ríki ætti að beina fíkniefnaneytendum í meðferðarúrræði. Samhliða skal auka forvarnir fyrir þá sem þurfa á slíku að halda.

Atvinnumál

Sjávarútvegur

Náttúruauðlindir Íslands skal nýta með sjálfbærum hætti. Standa skal vörð um aflamarkskerfið og tryggja stöðugleika í rekstrarumhverfi sjávarútvegs til að styðja áframhaldandi vöxt á grundvelli sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Íslenskur sjávarútvegur er í harðri samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg erlendis. Stilla ætti gjalddöku í hóf þannig að hún dragi ekki úr samkeppnishæfni greinarinnar á alþjóðlegum markaði og fjárfestingu í greininni. Stjórnvöld skulu skapa umhverfi sem hvetur fyrirtæki í greininni til áframhaldandi sóknar í umhverfismálum og grænum fjárfestingum til að mynda með ívilnunum og skattaafsláttum.

SUS fagnar þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði og öðrum aðgerðum sem opna atvinnugreinina almenningi og auka vitund um starfsemi greinarinnar.

Fiskeldi

Ógrynni tækifæra liggja í uppbyggingu fiskeldis á Íslandi. Einfalda og bæta þarf stjórnsýslu í innleiðingarferli og leyfisveitingum. Þar sem fiskeldi í sjó hefur áhrif á náttúru og dýralíf, sem og eignarrétt annarra aðila, skal einungis ráðist í frekari uppbyggingu í fyllsta samræmi við lög og vísindi. Fiskeldi er ört vaxandi atvinnugrein sem er enn að ná fótfestu hér á landi, stilla ætti því gjalddöku í hóf þannig að hún hamli ekki vexti greinarinnar. SUS lýsir yfir áhyggjum af stroklöxum og áhrifum þess á villta íslenska laxastofninn. Auka þarf eftirlit í samræmi við stækkun greinarinnar.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er ein af grunnstöðum atvinnulífs á Íslandi og áframhaldandi uppbygging hennar er mikilvæg. Tryggja þarf að regluverk sé einfalt og aðilar geti keppt á jöfnum grundvelli m.t.t. gjalddöku. Nauðsynlegt er að taka upp aðgangsstýringu á fjölförnum ferðamannastöðum með gjalddöku til þess að byggja upp og veita þjónustu. Þar sem ferðamannastaðir eru í eigu ríkisins ætti að bjóða út rekstur nauðsynlegrar þjónustu.

Fjármálamarkaðir

Fjármálamarkaðir leika lykilhlutverk í samkeppnishæfni atvinnulífsins. Með aukinni tækni- og alþjóðavæðingu eiga íslenskar fjármálastofnanir undir högg að sækja. Draga þarf úr kostnaði í bankakerfinu með heildarendurskoðun á eiginfjárkröfum íslenskra banka, íþyngjandi skatta og þunglamelegs regluverks, til að bæta kjör einstaklinga og atvinnurekenda. SUS áréttar að það er ekki hlutverk ríkisins að standa í samkeppnisrekstri á bankamarkaði, frekar en í öðrum geirum. SUS styður áframhaldandi sölu ríkisins á fjármálafyrirtækjum og vill hefja söluferli á eignarhlut ríkisins í

Landsbankanum. Mikið fé er bundið í eignarhaldi ríkisins í bankakerfinu sem væri betur varið í niðurgreiðslu skulda.

Landbúnaður og matvælaframleiðsla

Íslenskur landbúnaður á í samkeppni við erlendan ríkisstyrktan landbúnað. Einfalda þarf regluverk fyrir bændur til þess að stuðla að framþróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu. Stefna ber að því að leggja framleiðslutakmarkanir af og vinna að því að landbúnaður geti búið við eðlilega markaðsafkomu. Skoða þarf ívilnun á raforkuverði til garðyrkjubænda sem leiðir af sér hagkvæmari starfsemi og lægra vöruverð. Þá er mikilvægt að áfram sé losað sé um innflutningstakmarkanir á erlendum landbúnaðarafurðum í samráði og sátt við bændur.

Nýsköpun

Ísland á allt undir því að nýsköpun nái að blómstra. Nýsköpun verður ekki til án framtakssamra einstaklinga og fjármagns, sem sjá ávinning af áhættunni sem henni fylgir. Hlutverk hins opinbera er að tryggja að hér sé fjármögnunarumhverfi og mannauður sem hvetur til nýsköpunar. SUS telur að ríkið ætti ekki að stunda áhættufjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og telur að til lengri tíma ætti að stefna að fjármögnunarumhverfi án aðkomu hins opinbera. Þá þarf að auðvelda erlendum sérfræðingum frá öllum heimshornum að setjast hér að og leggja enn meiri áherslu á nýsköpun á öllum stigum í íslensku menntakerfi.

Verslun og þjónusta

Það er allra hagur að á neytendamarkaði ríki samkeppni. Afnema á einokunarsölu ríkisins á áfengi og hömlur á sölu lausasölulyfja. Þá er mikilvægt að halda áfram að endurskoða fyrirkomulag leyfa til leigubílaaksturs, fjölga þeim til muna og hleypa fleiri rekstraraðilum inn á markaðinn. Endurskoða þarf landbúnaðarstuðning í gegnum álagningu tolla með jafnan samkeppnisgrundvöll innlendrar og erlendar matvælaframleiðslu að leiðarljósi.

Efnahags- og viðskiptamál

Vaxtalækkunarferlið hefur stöðvast og ekki eru líkur á frekari vaxtalækkunum meðan aukin ríkisútgjöld og skattahækkanir eru áhersluatriði núverandi ríkisstjórnar, sem koma til með að auka verðbólguþrýsting.

Verðbólgan er því staðreynd og stýrivextir háir. Til að skapa forsendur fyrir lægri vöxtum þarf hið opinbera að sýna aðhald, draga úr útgjöldum og einfalda regluverk. Jafnframt er mikilvægt að ríki og sveitarfélög séu ekki leiðandi í launabróun á vinnumarkaði.

Skattar og skattheimta

Hjón og sambúðarfólk skulu geta samnýtt öll skattþrep og aðrar heimildir til skattafrádráttar á meðan kerfið er einfaldað. Skattkerfið á að vera einfalt, skattstofnar breiðir og sköttum haldið í lágmarki. Allir, óháð tekjum og efnahag, ættu að halda eftir sama hlutfalli viðbótartekna og bóta. Tryggingagjaldið skal

afnema við einföldun tekjuskattkerfisins. Börn skulu ekki greiða tekjuskatt til jafns við fullorðna fyrr en þau öðlast kosningarétt. Einfaldara kerfi mun minnka hvata fólks til að stunda svarta atvinnustarfsemi og gera vinnumarkað hérlandis skilvirkari.

SUS leggur áherslu á að:

- Fjármagnstekjuskatt skuli lækka og tryggja að hann leggist á raunávöxtun en ekki nafnávöxtun.
- Allir skattar og öll gjöld sem eru lögð á vinnandi fólk í landinu skuli kölluð sínu rétta nafni, sem er skattur og aðskilin frá þjónustugjöldum sem eiga að byggja á raunkostnaði.
- Hækka skuli veltumörk virðisaukaskatts með það að markmiði að einyrkjar geti selt þjónustu sína án þess að þurfa að rukka og skila virðisaukaskatti.
- Afnema skuli alla eignaskatta, þar á meðal fasteigna- og erfðafjárskatt.
- Sértækir skattar á einstaka greinar, sér í lagi þær sem starfa í alþjóðlegri samkeppni, eigi ekki rétt á sér og takmarki verðmætasköpun landsmönnum öllum til óheilla.
- Gildistaka skattbreytinga til hækkunar ætti að vera 18 mánuðir að lágmarki.

Ríkisfjármál og ríkisumsvif

Sjálfstæðisflokkurinn á alltaf að standa fyrir tillögum sem miða að hallalausum fjárlögum. SUS vill minnka umsvif ríkisins með einföldun regluverks sem veitir tækifæri til að fækka stofnunum. Selja ætti bróðurpart ríkiseigna og nýta söluandvirðið til niðurgreiðslu skulda eða skrá fyrirtæki ríkisins á markað og veita landsmönnum öllum jafnan hlut í þeim.

SUS telur að ríkið eigi ekki að vera í samkeppni við einkafélög.

Atvinnulíf og samkeppni

Regluverki og skattheimtu verður að haga þannig að aðilar í samkeppni starfi eftir sömu leikreglum.

Taka verður reiknað endurgjald til gagngerrar endurskoðunar og miða við laun á markaði þegar lágmarkskröfur eru settar á sjálfstætt starfandi.

Ríkisstuðningur til atvinnugreina skal eingöngu vera með beinum hætti í stað þess að fela hann í mörgum kimum hins opinbera.

Afnema ætti skyldu til jafnlaunavottunar.

Mikilvægt er að afnema umframvernd opinberra starfsmanna samanborið við starfsfólk á almennum vinnumarkaði til þess að stuðla að samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar sem starfar nú í alþjóðlegri samkeppni.

Láta skal af blýhúðun EES-reglna og nýta allar undanþágur sem Ísland hefur kost á að nýta.

Ríkið ætti ekki að standa í fjölmiðlarekstri né styrkjum til einkarekinna fjölmiðla.

Samgöngur og orkugjöld

Tryggja skal að skattar á umferð og ökutæki taki tillit til búsetu landsmanna og hafa í huga samkeppnishæfni útflutningsgreina við mótun skattlagningar á orkugjafa, ökutæki og umferð. Kílómetragjald á ökutæki er óskilvirk skattheimta og skref í ranga átt, gengur lengra gegn friðhelgi einkalífs heldur en eðlilegt er og felur í sér mismunun, einkum gagnvart fólki með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins.

Heilbrigðis- og velferðarmál

Inngangur og framtíðarsýn

Velferðar- og heilbrigðismál eru einn mikilvægasti málaflokkur samfélagsins og lykillinn að lífsgæðum einstaklinga. SUS vill tryggja að skattfé almennings nýtist með hagkvæmum og skilvirkum hætti, að biðlistar styttest og að einstaklingar hafi raunverulegt valfrelsi. Framtíðarsýn okkar byggir á frelsi, samkeppni og fjölbreyttum úrræðum þar sem einstaklingurinn stendur í öndvegi.

Við viljum heilbrigðiskerfi þar sem fé fylgir einstaklingnum, þar sem nýsköpun fær að njóta sín og þar sem gæði þjónustu eru mæld í árangri, ekki í stærð yfirbyggingar.

Heilbrigðis- og velferðarmál

SUS vill auka skilvirkni og hagkvæmni í heilbrigðismálum á sama tíma og starfsaðstæður eru bættar og þjónusta efld.

Fé skal fylgja hverjum einstaklingi líkt og á öðrum Norðurlöndum.

Ganga þarf úr skugga um að skattfé almennings sé vel varið og biðlistar styttnir.

Auka þarf samkeppni um heilbrigðisstarfsfólk svo hægt sé að bæta kjör þess til muna og auka valfrelsi á vinnustað.

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu mun stuðla að samkeppni sem eykur bæði skilvirkni, gæði þjónustu við sjúklinga og bættar starfsaðstæður.

Stórbæta þarf þjónustu og úrræði á landsbyggðinni, m.a. með fjarþjónustu og auknu aðgengi að sérfræðilæknum.

Geðheilbrigðismál

SUS leggur áherslu á að geðheilbrigðismál ungs fólks verði sett í forgang. Núverandi staða er óviðunandi; biðlistar eftir geðheilbrigðisþjónustu eru allt of langir sem veldur því að fólk fær ekki viðeigandi þjónustu fyrir en of seint.

SUS telur brýnt að fjármunir fylgi einstaklingnum í stað þess að fylgja stofnunum, sálfræðiþjónusta verði tryggð í grunn- og framhaldsskólum landsins, geðheilbrigðisþjónusta verði aðgengileg allan sólarhringinn með áherslu á snemmtæka íhlutun og að nýsköpun, fjölbreytt rekstrarform og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk fái svigrúm til að mæta vaxandi þörf.

Líta þarf á fíkn sem heilbrigðisvanda og ekki ætti að fangelsa fólk fyrir neyslu fíkniefna. Tryggja þarf fjölbreytta meðferð, þjónustu og endurhæfingu fíknisjúklinga og fjölga úrræðum.

Lokaorð

SUS vill samfélag þar sem einstaklingurinn ræður ferðinni og fær að njóta afraksturs eigin starfs. Við viljum heilbrigðiskerfi sem bregst hratt og vel við og samfélag sem byggir á frelsi og ábyrgð. Með þessum áherslum tryggjum við sterkari framtíð fyrir unga fólkið og þar með Ísland allt.

Húsnæðis- og skipulagsmál

Að hafa þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum fólks og við viljum húsnæðismarkað sem þjónar ungu fólki og fjölskyldum, þar sem framboð mætir eftirspurn og séreign er raunhæfur kostur, ekki fjarlægur draumur. SUS leggur áherslu á séreignarstefnu í húsnæðismálum um leið og stuðla þarf að fjölbreyttum og hagkvæmum úrræðum á leigumarkaði.

Húsnæðisverð er hátt og núverandi reglur um lánveitingar, uppbyggingu og lóðaframboð gera fólki erfiðara fyrir að eignast eigið heimili. Skynsamleg leið út úr vandanum felst í því að afnema skipulagslög á Alþingi, fella niður svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem skerðir ákvörðunarvald sveitarfélaga og að treysta einkaaðilum til að byggja í samræmi við þarfir og eftirspurn markaðarins.

Húsnæðisvandi er framboðsvandi. Brjóta þarf nýtt land í takt við eftirspurn og auka byggingarfrelsi til að tryggja lægra verð.

Stimpilgjöld á íbúðakaup einstaklinga eiga að vera afnumin.

Landsmenn eiga að fá að nýta séreignarsparnað sinn til íbúðarkaupa án skerðinga.

Leigumarkaðurinn á að vera fjölbreyttur og frjálss, ekki bundinn ríkisafskiptum.

Endurvekja skal 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af keyptri vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis.

Skipulagsmál

Eftir langt tímabil þéttingar er tímabært að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu brjóti nýtt land. SUS vill að núverandi fyrirkomulagi vaxtamarka verði breytt, svo eitt sveitarfélag geti ekki í eigingirni lagt stein í götu annarra.

Uppbygging í Keldnalandi er af hinu góða en þó þarf að endurhugsa frá grunni skipulag þeirrar byggðar sem þar á að rísa með tilliti til þess að íbúar þar geti átt þess kost að reka sinn eigin bíl auk þess að búa við öflugar almenningssamgöngur.

SUS vill að skipulagðar séu byggðir í Geldinganesi og á landi Blikastaða, SUS vill að skoðaður sé fýsileiki þess að byggja á þeim eyjum sem umkringja höfuðborgarsvæðið.

Við skipulagningu nýrra hverfa skal sérstaklega litið til þess að tegund og samsetning íbúða sé fjölbreytt og tryggi að fólk hafi val um bæði fjölbýli og sérbýli. Þannig er tekið mið af þörfum einstaklinga og markaðarins.

Auðvelda skal ungum fjölskyldum að eignast sína eigin eign með aðgengi að heilu bílastæði en ekki hluta af bílastæði.

Stjórnskipunarmál

Fullveldismál

Ísland hefur borið góðan ávinning af alþjóðasamstarfi í gegnum árin og ber þar sérstaklega að nefna hinn gjöfula samning um Evrópska efnahagssvæðið. Samband ungra Sjálfstæðismanna ítrekar þó þá afstöðu sína að hagsmunum íslensku þjóðarinnar sé best borgið utan Evrópusambandsins, aukinheldur telur SUS að slíkt fullveldisframsal brjóti í bága við stjórnarskrá.

SUS telur mikilvægt að umræða um Evrópusambandið sé lýðræðisleg og staðreyndamiðuð. Óásættanlegt er að núverandi ríkisstjórn skuldbindi Ísland til þess að aðlaga sig að regluverki sambandsins án þess að hafa til þess umboð frá þjóðinni.

Stjórnarskrármál

Stjórnarskráin er grundvöllur íslenskrar stjórnskipunar. Fara skal varlega í sakirnar við það að gera breytingar á henni, breytingar skulu aðeins gerðar í viðtækri sátt, jafnt innan sem utan þings. Mikilvægt er að stjórnarskráin standist geðþótta sitjandi stjórnvalda og dægurmál stjórnmalanna hverju sinni.

SUS telur að ákvæði stjórnarskrárinnar um Landsdóm skuli standa óhaggað. Ákvörðun Alþingis um ákæru á hendur ráðherra skal aldrei tekin á pólitískum forsendum. Brýnt er að endurskoða lög um landsdóm, sem og lög um ráðherraábyrgð. Í þeirri endurskoðun skal meðal annars gera þá breytingu að Alþingi geti ekki tekið ákvörðun um málshöfðun á hendur ráðherra nema með auknum meirihluta þingsins.

Málefni Alþingis

SUS telur að endurskoða þurfi núverandi fyrirkomulag þar sem Alþingismenn staðfesta eigið kjör. Slík sjálfðæmisheimild brýtur í bága við grundvallarsjónarmið lýðræðis en auk þess hefur Mannréttindadómstóll Evrópu talið fyrirkomulagið stangast á við Mannréttindasáttmála Evrópu. Þegar hagsmunir þjóðarinnar eru í húfi ber að tryggja óháða málsmeðferð. Með þessari breytingu yrði dregið úr hættu á pólitískum afskiptum og tryggt að ákvörðun um gildi alþingiskosninga byggist á lögum og staðreyndum.

Málefni dómstóla

Þrátt fyrir fyrri vísun í Mannréttindadómstól Evrópu telur SUS ótækt hvernig honum hefur verið beitt í pólitískum tilgangi til að hnekkja niðurstöðum íslenskra dómstóla. MDE á ekki að vera notaður sem eins konar áfrýjunardómstóll fyrir íslenska dómstóla.

Málefni forseta Íslands

1.500 undirskriftir þarf nú til þess að bjóða sig fram til embættis forseta, sú tala hefur staðið í stað frá því árið 1944 er stjórnarskrá Íslenska lýðveldisins tók gildi, þrátt fyrir að fjöldi Íslendinga hafi aukist verulega. Brýnt er að gerðar verði breytingar á meðmælendafjölda forsetaframbjóðenda.

Umhverfis- og samgöngumál

Raforka og fjarskipti

Íslendingar eru komnir í óviðunandi orkuskuld sem ber að leysa eins fljótt og auðið er með bættu flutningskerfi og einkum stórauðningu á virkjanaframkvæmdum. Nauðsynlegt er að leggja kapp á uppbyggingu allra orkuinnviða til að tryggja örugga dreifingu á milli landshluta og til þeirra sem vilja nýta sér orkuna.

Tryggja skal að innviðir séu til staðar fyrir rafvæðingu hafna og flugvalla.

Einfalda þarf regluverk og leyfisveitingar til grænnar orkuöflunar og orkuöflunar almennt til muna. Draga þarf úr kærumöguleikum og aðild fólks eða hópa sem ekki hafa lögmeta og beina hagsmuni af leyfisveitingarferlinu. Sérstaklega þarf að einfalda regluverk og leyfisveitingar til minni orkuverkefna einstaklinga eða lögaðila til eigin nota.

Tryggja þarf hvatningu fyrir lögaðila til að rannsaka, þróa, og reka nýja græna orkugjafa sem geta verið þeim orkugjöfum sem við búum þegar yfir til fyllingar, t.a.m. vindorka, lífefnaeldsneyti, sólarorka, og virkjun sjávarfalla. Þá á einnig að hvetja lögaðila til að leita að og vinna olíu á Drekasvæðinu.

Endurskoða þarf tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og á milli sveitarfélaga innbyrðis, þegar kemur að orkumannvirkjum með það að markmiði að auknar tekjur verði eftir í heimabyggð

Draga þarf úr tilhneigingu stjórnvalda til að setja virkjanakosti í verndarflokk til að liðka fyrir uppbyggingu mikilvægra virkjanaverkefna. Íslendingar ættu að hafa það að markmiði að auka raforkuframleiðslu landsins um 7 terravattstundir (7000 gígavattstundir) hið minnsta fyrir árið 2035.

Samgöngur

Nauðsynlegt er að ganga í úrbætur í vegakerfinu, t.a.m. að útrýma einbreiðum brúm og brúm með takmarkaða burðargetu á hringveginum eða á öðrum vegum sem leiða til og frá mikilvægum atvinnusvæðum eða eru fjölfarnir. Í stærri samgönguframkvæmdum er brýnt að nýta fjölbreytta fjármögnun, sem sagt með PPP-leið (e. Public-Private Partnership). Einnig skal efna til sóknar í jarðgagnagerð.

Skoða skal hagkvæmi þess að stofna sérstakt félag í hlutaeigu ríkisins sem stendur straum af sérstaklega dýrum og umfangsmiklum samgönguframkvæmdum.

Skoða skal að taka upp veggjöld til að fjármagna stærstu verkefni samgöngukerfisins og til að tryggja að fjármagn sé til staðar til að halda þeim við. Gæta skal hófs í verðlagningu og tryggt eðlilegt jafnræði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Stefnt skal að orkuskiptum í samgöngum. Hið opinbera skal tryggja hvata til einstaklinga og lögaðila til að stuðla að orkuskiptum.

Hið opinbera skal greiða leið einkaaðila í uppbyggingu orkuinnviða, t.a.m. uppsetningu hleðslustöðva

Reykjavíkurlflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið og því er brýnt að hann verði í Vatnsmýri þar til annar jafn góður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.

Ákvarða skal sem allra fyrst varanlega staðsetningu fyrir innanlands- og sjúkraflugvöll

SUS skal berjast fyrir því að bundinn verði endi á þá óöld sem ríkir á leigubílamarkaði. Ljóst er að ráðherra getur leyst málið með reglugerð innan núverandi lagaumhverfis.

Lagt skal kapp á að klára sundabraut eins fljótt og auðið er og skal hún hönnuð með þeim hætti að hún geri ráð fyrir byggð í Geldinganesi.

SUS skal kalla eftir því að ráðist verði í fýsileikakönnun á því hvort hægt sé að reka lest milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Umhverfismál

Einstaklingum er best treystandi til að framfylgja sjálfbærri nýtingu auðlinda. Taka skal tillit til virkjanaframkvæmda og raforkuuppbyggingar við friðlýsingu náttúru og henni skal almennt vera stillt í hof.

Nýsköpun og einkaframtakið eru forsendur þess að stjórnvöld geti náð þeim metnaðarfullu markmiðum sem þau hafa sett sér í loftslagsmálum. Gjalda skal varhug við að undirgangast frekari skuldbindingar í loftslagsmálum. Ísland á að vera miðpunktur nýsköpunar í umhverfismálum og laða að sér alþjóðleg fyrirtæki, fjárfesta, og frumkvöðla sem starfa á þessum vettvangi.

Mikilvægasta framlag Íslands til loftslagsmála er aukin framleiðsla grænnar orku og græn orkuskipti. Stjórnvöld eiga að leggja kapp á aukna raforkuframleiðslu og uppbyggingu innviða til þess að hér byggist upp umhverfisvænni iðnaður og orkuskipti geti gengið hratt og örugglega fyrir sig.

Beita skal hvötum til að tryggja að endurvinnsla og endurnýting hráefna sé með einföldustum hætti. Lækka skal kostnað fyrirtækja við endurvinnslu og búnir til hvatar fyrir fyrirtæki sem geta breytt sorpi og hjáaafurðum annars fyrirtækis í verðmæti. Leggja skal sérstaka áherslu á að rusl sé flutt sem stytstu leið til endurvinnslu.

Þá skal einnig unnið að því að búa til skýra og fyrirsjáanlega umgjörð fyrir fiskeldi í opnum sjókvíum með hliðsjón af hagsmunum íslenskrar náttúru og mikilvægi atvinnugreinarinnar.

Niðurlagning ríkisstofnunarinnar Land og skógur

SUS leggur til að samþykkt verði aðgerðaráætlun um að leggja niður ríkisstofnunina Land og skógur, með það að markmiði að færa verkefni hennar að fullu til einkaaðila, sveitarfélaga eða annarra hagkvæmari aðila. Slík breyting myndi stuðla að betri nýtingu fjármuna skattgreiðenda, auka ábyrgð og gagnsæi í verkefnastjórnun og draga úr óþarfa reglugerðarbyrði.

Markmið stofnunarinnar felast einkum í kolefnisbindingu, vernd og endurheimt vistkerfa, sem og þátttöku í loftslagsverkefnum. Þrátt fyrir árlegan rekstrarkostnað sem nemur um 1,5 milljörðum króna hefur stofnunin að verulegu leyti skapað flókið regluverk og takmarkað möguleika bænda, landeigenda og aðila í skógrækt til að nýta landið á árangursríkan og sjálfbæran hátt.

SUS telur mikilvægt að draga úr ríkisafskiptum þar sem ekki er nauðsyn á miðstýrðri framkvæmd. Sérstaklega á það við í málaflokkum þar sem frjáls markaður og staðbundin þekking geta leitt til hagkvæmari, sveigjanlegri og markvissari lausna. Þá er mikilvægt að draga úr tilhneigingu stjórnvalda til að búa til nýjar stofnanir með óljóst hlutverk í nafni loftslagsmála án þess að raunverulegur árangur sé sýnilegur.

Ungir sjálfstæðismenn hvetja til þess að ríkið einbeiti sér að hlutverki sínu sem stefnumótandi aðili í loftslagsmálum, fremur en að halda úti ríkisrekinni framkvæmd stofnunar með óskýr mörk og vaxandi kostnað. Einkaaðilar og sveitarfélög eiga að gegna stærra hlutverki í framkvæmd landgræðslu, skógræktar og kolefnisverkefna, með skýrari ábyrgð, minni tilkostnaði og aukinni virkni.

Utanríkismál

Öryggis- og varnarmál

Tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna og aðild að NATO eru grunnstoðir í íslenskum varnarmálum. Það skiptir höfuðmáli að Ísland haldi áfram aðild sinni í NATO. Landfræðileg staðsetning Íslands gerir okkur að ómissandi bandamanni í að tengja saman þjóðir innan NATO.

SUS vill leggja sérstaka áherslu á stafrænt öryggi og telur það vera órjúfanlegan hluta af þjóðaröryggi og krefst því markvissrar stefnu. Mikilvægt er að Ísland og þjóðir innan NATO efli varnir sínar enn frekar þegar kemur að stafrænu öryggi jafnt og netöryggi, þar sem slíkar ógnir geta haft jafn alvarleg áhrif á þjóðaröryggi og hefðbundnar hernaðarógnir.

Netárásir geta lamað grunnstoðir samfélagsins, svo sem orku-, fjarskipta- og samgöngukerfi, sem og fjármálakerfi landsins. Stafrænt öryggi má því ekki lúta í lægra haldi fyrir raunlægu öryggi. SUS telur að Ísland eigi þar að nýta sérstöðu sína í nýsköpun og stafrænni þróun og vera leiðandi í þeim málum innan bandalagsins.

Virk þátttaka okkar í NATO er því í algjöru lykilhlutverki og á Ísland að halda áfram að vera virkur þátttakandi í bandalaginu og stuðla að áframhaldandi aukinni samvinnu um varnarmál.

Evrópusambandið

SUS er alfarið á móti inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB).

Innganga Íslands í ESB myndi kalla á framsal fullveldis í lykilmálum eins og sjávarútvegi, landbúnaði, orku og efnahagsmálum. Sjávarútvegur er burðarás íslensks efnahagslífs og myndi atvinnugreinin með öllu færast undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB, með þeim afleiðingum að Ísland myndi missa forræði yfir eigin fiskimiðum.

Innganga í ESB myndi einnig fela í sér að Ísland yrði bundið af regluverki ESB á fjölmörgum sviðum. Þetta myndi takmarka möguleika þjóðarinnar til að móta reglur sem taka mið af íslenskum aðstæðum og forgangsmálum, hvort sem um er að ræða sjávarútveg, orkuskipti eða nýsköpun.

SUS styður það að Ísland verði sjálfbært í að tryggja eigið fæðuöryggi og geti nýtt sína sérstöðu til að vernda innlenda framleiðslu á ábyrgan og umhverfisvænan hátt. Aðild að ESB gæti grafið undan þessari getu með því að setja innlendan landbúnað undir sameiginleg regluverk og samkeppnisskilyrði sem henta ekki íslenskum aðstæðum eða efnahagslífi.

Aðild Íslands að ESB gæti einnig haft neikvæð áhrif á hagvöxt landsins, þar sem framsal á stjórn yfir lykilaðlindum og löggjöf myndi takmarka getu okkar til að bregðast sveigjanlega við efnahagslegum áskorunum og nýta tækifæri á eigin forsendum. Í ljósi óvissu í alþjóðlegum efnahagsmálum og breyttra viðskiptaskilyrða væri verstí tíminn nú til að ráðast í slíkt skref.

Sem lítið ríki hefði Ísland lítið sem ekkert vægi og afar takmörkuð áhrif á ákvarðanir sem snúa að okkur sem þjóð. Aðild Íslands að samningum EES tryggir nú þegar góðan aðgang að innri mörkuðum ESB án þess að fórn þessum lykilauðlindum þjóðarinnar. Mikilvægt er að halda í og styrkja stöðu landsins á alþjóðavettvangi, halda frjálsum viðskiptum og samningum utan ESB, nýta auðlindir til að efla orkuöryggi og skapa ný tækifæri fyrir Ísland.

SUS telur að aðild að ESB myndi veikja stöðu landsins fremur en að styrkja hana.

Alþjóðamál og ungt fólk

SUS leggur jafnframt áherslu á að flokkurinn efli samstarf ungs fólks á milli landa til að styrkja tengsl milli næstu kynslóða leiðtoga. Með virku alþjóðlegu ungmennasamstarfi er hægt að stuðla að friðsamlegum lausnum á átökum, efla lýðræði og tryggja að gildi einstaklingsfrelsis og mannréttinda njóti áfram verndar í heiminum.